

Nd.

449. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Þórh. Bjarnason.

1. Við 1. grein. Í staðinn fyrir:

»Landið skiftist í 7 kjördæmi þannig«: o. s. frv. út greinina, komi:

Landið skiftist í 4 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Norður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu, og kýs 7 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmanneyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík og Borgarfjarðarsýslu, og kýs 11 alþingismenn.

Þriðja kjördæmi tekur yfir Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla og kýs 8 alþingismenn

Fjórða kjördæmi tekur yfir Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað og Suður-Þingeyjarsýslu, og kýs 8 alþingismenn.

2. Við 2. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar »Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn o. s. frv. — og »Ef breyting verður á sýsluskipan« o. s. frv. komi ein málsgrein svohljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjósendum kjördæmisins. Í fyrsta kjördæmi er bæjarfógeti á Seyðisfirði oddviti, en hver sýslanna 4 kýs sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í öðru kjördæmi er bæjarfógeti í Reykjavík oddviti, en sýslunefndir Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu kjósa hvor um sig sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í þriðja kjördæmi er bæjarfógeti á Ísafirði oddviti, en sýslunefndir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu kjósa hver um sig sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í fjórða kjördæmi er bæjarfógeti á Akureyri oddviti, en hver sýslanna 4 kýs sinn manninn í yfirkjörstjórnina.

3. Við 6. gr.

Orðin »á sem hentugustum stað í kjördæminu náist sem greiðast«, falli burt.